



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 126/2305

komudagur 3.5.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2001

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands 675. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á starfsemi Seðlabanka Íslands. Markmið með breytingunum er að auka sjálfstæði Seðlabanka Íslands og setja bankanum nýtt skýrara meginmarkmið peningamála sem er stöðugt verðlag. Einnig eru lagðar til ýmsar stjórnskipulegar breytingar. Jafnframt mun, ef frumvarp þetta verður að lögum, lokað á möguleika ríkissjóðs til fjármögunar í Seðlabanka Íslands.

Alþýðusamband Ísland er ekki mótfallið því að taka upp nýtt markmið peningastefnunnar sé tryggt að tekið verði mið af fleiri þáttum en verðbólgu áður en peningamálatæki Seðlabankans, vaxtaákvörðunum, er beitt.

Hafa ber í huga að virki stjórn tæki peningamála sem skyldi munu ákvarðanir bankastjórnar Seðlabanka einnig hafa veruleg áhrif á atvinnustig og hagvöxt. Því er nauðsynlegt að ákvaðarnir bankastjórnar taki ekki blint mið af verðbólguþinginu heldur einnig af atvinnustigi og hagvexti. Mikil umræða hefur verið um frammistöðu bandaríska hagkerfisins og hagkerfa margra Evrópuríkja á undanförunum 10 árum. Nokkrar kenningar eru um hvað veldur. Ein kenningin gengur út frá því að skortur á sveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði skýri langvarandi mikið atvinnuleysi þar. Önnur kenning, og sú sem Alþýðusamband Íslands telur rétta, er að við vaxtaákvæðanir sínar taki bandaríska seðlabankinn einnig mið af atvinnustigi og hagvaxtarstigi á meðan margir fyrrum seðlabankar Evrópu horfðu eingöngu til verðbólgu markmiða. Benda má á að seðlabankar þeirra ríkja sem best hafa staðið sig á undanförunum árum; seðlabankar Bandaríkjanna, Englands og Svíþjóðar, hafa hagvöxt einnig sem markmið peningastjórnarinnar.

Verði þetta frumvarp að lögum kemur upp sú staða að sjaldan áður hafa jafn fáir haft jafn mikil áhrif á líf allra landsmanna og bankastjórn Seðlabanka Íslands. ASÍ setur það því sem skilyrði að við starf bankastjóra verði auglýst og við skipan bankastjóra bankans sé þess krafist að viðkomandi hafi trausta faglega þekkingu til að taka ákvarðanir út frá þeim hagstærðum sem fyrir liggja hverju sinni og að tryggt verði að samsetning bankastjórnar sé þannig að hún endurspegli viðhorf og reynslu af sem flestum sviðum samfélagsins.

Önnur leið sem ASÍ telur líklegri til að tryggja faglega niðurstöðu og breiða samsetningu við ákvarðanatöku er að sett verði á laggirnar fjölmennari peningastefnunefnd þar sem sæti eiga einnig aðilar utan bankans. Nefndin sinni því hlutverki sem bankastjórn er ætlað í


frumvarpinu. Bent skal á að þannig fyrirkomulag er á skipan mála a.m.k. í Englandi, Svíþjóð, Evrópska Seðlabankanum og þeim Bandaríska.

Alþýðusamband Íslands telur jafnframt að starfsreglur bankastjórnar hefðu átt að liggja fyrir þegar frumvarp þetta var lagt fram. Það hlýtur að vera lýðræðiskjörinna fulltrúa að ákveða hversu opnar og ítarlegar fundargerðir bankastjórnar verða. ASÍ telur einnig nauðsynlegt að starfsreglur Seðlabanka Íslands uppfylli kröfur sem gerðar eru í lýðræðisþjóðfélögum þannig að fram komi í fundargerðum bankastjórnar frásagnir af umræðu á fundunum og hvernig hver meðlimur bankastjórnar greiðir atkvæði, því eins og áður sagði geta ákvarðanir bankastjórnar Seðlabanka Íslands haft afgerandi áhrif á atvinnumöguleika og kjör allra landsmanna. Ekkert þjóðþing sem vill kenna sig við lýðræði léti sér til hugar koma að viðhafa leynilega atkvæðagreiðslur um jafn mikilvæg málefni og hér er verið að fela bankastjórn Seðlabankans.

Af öðrum atriðum í frumvarpinu vill ASÍ nefna að ekki liggur fyrir hvað gerist ef bankastjórn Seðlabanka Íslands og ríkisstjórnin eru ekki sammála um tölulegt gildi verbólgumarkmiðsins. Vætanlega hefur ríkisstjórnin síðasta orðið, en í frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir möguleika Seðlabankans að tjá sig opinberlega ef um ósætti er að ræða.

Alþýðusamband Íslands áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.